

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Loðnuvinnslan hf. Fáskrúðsfirði  
kt. 581201-2650

Starfsstöð: Hafnargata 1a, 750 Fáskrúðsfjörður  
Fastanúmer: 217-7875

Leyfið gildir frá dd. apríl 2024 til dd. apríl 2036

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Bifreiða- og vélaverkstæði
- Smurstöð

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skytt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

nafn,  
heilbrigðisfulltrúi



HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

# Starfsleyfisskilyrði

## Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Loðnuvinnslan hf. Fáskrúðsfirði, kt. 581201-2650  
Starfsstöð: Hafnargata 1a, 750 Fáskrúðsfjörður  
Fastanúmer: 217-7875

Leyfið gildir frá dd. apríl 2024 til dd. apríl 2036

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Bifreiða- og vélaverkstæði

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 19. mars 2024.

Lög sem um starfsemina gilda eru meðal annars

- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem

- Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit
- Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi

### 1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda.

Um er að ræða verkstæði sem sinnir viðhaldi og þjónustu við vélar rekstraraðila. Þarna fer m.a. fram smurning. Olíuskilja er á fráveitu.

Um starfsemina gilda m.a.:

- Reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi
- Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi, fylgiskjal 1
- Samræmd starfskilyrði fyrir bifreiða- og vélaverkstæði, fylgiskjal 2
- Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir smurstöðvar, fylgiskjal 3

### 2. Mengunarvarnir

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofta, láða og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.

## 2.1. Mengunarvarnir fráveitu

Olíuskilja skal vera á fráveitu þar sem vinna með olíur fer fram, þ.e. gólfi og vöskum í vinnusal áður en lagnir sameinast skólplögn. Sama gildir um þrær eða plön undir olíutanka, einnig úrgangsolíutank. Tryggt skal að aðstæður á vettvangi séu með þeim hætti að auðvelt sé að fylgjast með frárennsli frá olíuskilju og taka sýni úr frárennslinu. Allar nýjar olíuskiljur skulu útbúnar sjálfvikrum viðvörðunarbúnaði og lokunarbúnaði ef olíurými í skiljunni er innan við 150 sinnum nafnstærð skiljunnar. Hönnun og notkun olíuskilja skal vera í samræmi við staðla ÍST EN 858 og leiðbeiningar Umhverfisstofnunnar.

Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olíugildru.

Hafa skal reglubundið eftirlit með olíuskilju og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Allt eftirlit og þjónusta á mengunarvarnabúnaði skal skráð í gögn um innra eftirlit starfstöðvar.

Olíuskiljur og sandskiljur skal hreinsa með reglubundnum hætti af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi.

Aðstaða skal vera til að taka sýni af frárennslisvatni úr olíuskiljum.

## Sýnataka af fráveituvatni frá olíuskilju

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga, sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Prófanir og úttektir skulu vottaðar af viðurkenndum úttektaraðila.

Rekstraraðili skal framkvæma mælingar á frárennslisvatni olíuskilju reglulega, fyrst innan árs frá útgáfu starfsleyfisins. Tíðni mælinga á fráveituvatni olíuskilju skulu ákveðnar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

Rannsaka skal magn olíu og fitu í fráveituvatninu. Rannsóknaniðurstöður skulu sendar til Heilbrigðiseftirlits Austurlands og einnig skráðar í gögn um innra eftirlit starfstöðvar. Losunarmörk eru að hámarki 15 ppm (mg/L) af olíu í fráveituvatni frá skiljunni.

Mælist mengun yfir mörkum skal fyrirtækið grípa til ráðstafana til að draga úr menguninni og taka sýni á ný innan 4ra vikna. Þetta skal endurtaka þar til olía í fráveituvatni er innan viðmiðunarmarka.

Nota skal sýnatökuaðila og rannsóknastofu sem Heilbrigðiseftirlit Austurlands samþykkir.

## 2.2. Mengunarvarnabúnaður

Mengunarvarnabúnaður, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, skal vera tiltækur til að bregðast við minni mengunaróhöppum.

## 3. Skráningar og innra eftirlit

Rekstraraðili skal viðhafa eigið eftirlit með starfsemi sem m.a. er fólgin í skráningu á eftirfarandi:

- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar
- Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á olíu- og sandskiljum. Við tæmingu skal skrá magn sands og olíusora sem er tekið
- Rannsóknaniðurstöður af mælingum á olíu í fráveituvatni frá olíuskilju.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Prófanir á sjálfvirkum búnaði

Lagnateikning skal vera til staðar með upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslislagna.

Halda skal skrá yfir olíugeyma starfstöðvar, þ.e. fyrir neyslu-, húsa- eða lausageyma sem eru í notkun.

Tæknilegar upplýsingar um olíugeyma og olíu- og sandskiljur skulu vera tiltækar í gögnum fyrirtækisins.

**Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.**

## 4. Annað sem varðar starfsemina

### Fráveita

Afrennsli frá olúskilju er leitt í fráveitu sveitarfélagsins. Annað fráveituvatn fer einnig í fráveitu sveitarfélagsins sem er með starfsleyfi.

Um fráveitur gilda m.a.

- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp

### Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um og taka kvittun til staðfestingar á réttum skilum.

Um úrgang gilda m.a.:

- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni

### Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt. Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og lóð sé haldið snyrtilegu.

Bifreiðum, tækjum, lausamunum og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði starfstöðvar þannig að ekki valdi slyshættu.

Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.

### Mengunaróhapp

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

### Starfsemi hætt

Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Austurlands með minnst mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megí út frágang á aðstöðunni.

Gera skal ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði fargað á viðurkenndan hátt.

dd. mmm yyyy  
Virðingarfyllst,  
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

nafn,  
heilbrigðisfulltrúi